

Nd.

240. Frumvarp til laga

[133. mál]

um bann við að taka íbúðarhúsnæði til annarrar notkunar en íbúðar.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Íbúðarherbergi eða herbergi, sem eru í smíðum og ætluð eru til íbúðar, má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar.

2. gr.

Ef íbúðarhúsnæði eða húsnæði, sem byggt er sem íbúðarhúsnæði, er heimildarlaus tækið til annarrar notkunar en íbúðar, er húseigandi skyldur, að viðlögðum allt að 2000 króna dagsektum í ríkissjóð fyrir hverja íbúð, að láta nota húsnæðið til íbúðar. Skal þá húsaleigunefnd ráðstafa húsnæðinu handa innanhéraðsfólki, sem húsnæðislaust er eða býr við heilsuspillandi húsnæði, enda sé húseiganda áður veittur þriggja daga frestur til þess að leigja húsnæðið húsvilltu innanhéraðsfólki til íbúðar.

3. gr.

Húsaleigunefnd er heimilt að taka til sinna umráða ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóðir ábyrgjast greiðslu fyrir húsnæði, sem tekið er samkvæmt þessum lögum, svo og greiðslu skaðabóta fyrir spjöll á hinu leigunumda, er leigutaki eða fólk á hans vegum telst eiga sök á.

4. gr.

Lagaákvæði þessi gilda um alla þá kaupstaði eða kauptún, þar sem húsnæðisskortur er eða búíð er í heilsuspillandi húsnæði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í ýmsum bæjum og kauptúnum, þar sem enn er húsnæðisskortur, eru mikil brögð að því, að íbúðarhúsnæði sé tekið úr notkun sem íbúðir og breytt í verzlunarhúsnæði, skrifstofur eða annað. Stafar þetta af því, að eigi er frjálst að byggja hús fyrir verzlunir, skrifstofur, verkstaði og því um líkt, en hins vegar leyfilegt að gera svona breytingar.

Því er svo komið, að það vofir yfir allmörgu fólki að verða að fara úr íbúðarhúsnæði, sem það hefur búíð í, af þessum sökum og á ekki víst um neitt húsnæði. Þá eru og að því nokkur brögð, að húsnæði í byggingu, sem ætlað er til íbúðar samkvæmt teikningum, sé tekið til annarlegrar notkunar án þess nokkurn tíma að verða íbúð.

Frv. þetta er fram borið til þess að tryggja mönnum afnot íbúðarhúsnæðis í þeim miklu erfiðleikum, sem nú eru um að fá íbúðir. Hitt er ljóst, að ráða þarf fram úr því máli að tryggja nægilegt húsnæði til annarra nota, og eru flutningsmenn þessa frv. reiðubúnir til samstarfs um aðgerðir í þá átt. En þær aðgerðir mega ekki verða á kostnað þess íbúðarhúsnæðis, sem nú er eða í vændum er.

Lagaákvæði þessa frv. eru í meginatriðum í samræmi við lög um húsaleigu, nr. 39 7. apríl 1943, 4. og 5. gr. þeirra laga, og að miklu leyti samhljóða þeim.

Flutningsmönnum er ljóst, að miklu fleiri ráðstafanir en hér er farið fram á þarf að gera til þess að bæta úr húsnæðisvandrunum, og hafa flutt önnur og veigameiri frv. í því skyni. Þetta frv. miðar í rauninni aðeins að því að hindra minnkun þess íbúðarhúsnæðis, sem nú er til.